

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 34/1987. **Jón Karlsson**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

**Ragnheiði Guðmundsdóttur**

(Guðmundur Markússon hrl.)

Hjón. Búskipti. Krafa um ógildingu skilnaðarsamnings tekin til greina.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara gerir hún þá kröfu, að samningur um skilnaðarkjör, dagsettur 8. febrúar 1983, verði lýstur ógildur og óskuldbindandi að því er tekur til ákvæða samningsins um eignaskipti, þ.e. 3., 4., 5., 6. og 8. gr. skilnaðarsamningsins. Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun.

Aðilar máls þessa hófu sambúð haustið 1977 og gengu í hjúskap 16. júní 1978. Haustið 1982 slitu þau samvistum, og var lögskilnaðarleyfi gefið út 6. apríl 1983. Hinn 8. febrúar 1983 undirrituðu aðilar samning þann um skilnaðarkjör, sem um er deilt í máli þessu. Í samningi þessum var kveðið á um fjárskipti aðila, svo og forsjá barna þeirra og umgengnisrétt við þau. Samning um forsjá barna og umgengnisrétt er ekki unnt að ógilda með stoð í 54. gr. laga nr. 60/1972. Sú lagagrein á eingöngu við um samninga fjárhagslegs eðlis. Verður því aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina.

Að því er varðar varakröfu stefndu um ógildingu á þeim ákvæðum samningsins, sem lúta að fjárskiptum aðila, þá er ljóst, að áfrýj-

andi fékk mun meira í sinn hlut af eignum búsin en stefnda. Hann fékk báðar íbúðir búsin í sinn hlut svo og bifreið, en stefnda fékk verðtryggt veðskuldabréf, að fjárhæð 400.000,00 krónur, til fjögurra ára, sem bera skyldi hæstu vexti. Í samningnum er tekið fram, að innbúi og peningum hafi þegar verið skipt og skuldir, þ. á m. við Lánasjóð íslenskra námsmanna, skiptust nokkurn veginn jafnt á aðila. Áfrýjandi heldur því fram, að samningur þessi kveði á um helmingaskipti milli aðila, ef frá er talin 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík, en sú íbúð hafi ekki verið hans eign heldur eign foreldra hans, og hafi verið samkomulag milli aðila um það að halda henni utan skipta. Íbúð þessi var þinglýst eign áfrýjanda og talin fram sem hans eign á skattskýrslum. Jafnframt var íbúðin talin meðal eigna búsin í skilnaðarsamningnum. Telja verður ósannað, að ofangreind íbúð hafi verið eign foreldra áfrýjanda. Einnig er það ósannað, að stefnda hafi samþykkt að halda íbúðinni utan skipta, og eftir almennum reglum um búskipti á stefnda rétt á því að íbúðin verði dregin undir skiptin.

Í skilnaðarsamningnum eru eignirnar ekki metnar til fjár og ekki er í ljós leitt, að glöggar upplýsingar hafi legið fyrir um verðmæti þeirra við undirritun samningsins. Samningurinn var saminn á vegum áfrýjanda með aðstoð lögfræðings hans, en ósannað er að stefnda hafi notið aðstoðar lögfræðings við fjárskiptin, og telja verður að hún hafi ekki haft samninginn undir höndum fyrr en við undirskrift hans. Þegar samningurinn var gerður, var áfrýjandi í vel launuðu starfi en stefnda var við nám. Ekki er upplýst, að stefnda hafi notið fjárstuðnings frá áfrýjanda frá því að samvistir þeirra slitnuðu haustið 1982 og þar til lögskilnaðarleyfi var gefið út 6. apríl 1983, að öðru leyti en því, að áfrýjandi lét henni eftir barnabætur með báðum börnunum í eitt ár, en hann hafði forsjá annars barnsins. Þegar allt þetta er virt, verður að líta svo á, að samningur aðila um fjárskipti hafi verið bersýnilega ósanngjarn, þegar til hans var stofnað. Ber því að taka varakröfu stefndu til greina og lýsa samning aðila um fjárskiptin óskuldbindandi.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 85.000,00 krónur, að meðtöldum 12% söluskatti í ríkissjóð.

## D ó m s o r ð:

Samningur áfrýjanda, Jóns Karlssonar, og stefndu, Ragnheiðar Guðmundsdóttur, um skilnaðarkjör, sem undirritaður var í Gautaborg 8. febrúar 1983, er lýstur óskuldbindandi að því er varðar greinar nr. 3, 4, 5, 6 og 8.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu 85.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, þar með talinn 12% söluskatt af málflutningsþóknun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1986.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ.m., er höfðað með stefnu, sem þingfest var 7. febrúar 1984 af Ragnheiði Guðmundsdóttur, nnr. 7201-0884, með lögheimili að Kjarlarlandi 7, Reykjavík, á hendur Jóni Karlssyni, nnr. 5159-1534, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, en dvalarstað á Hallonvagen 15, Floda, Svíþjóð, til riftunar skilnaðarsamnings er þau gerðu um skilnaðarkjör vegna lögskilnaðar hinn 8. febrúar 1983, sbr. 54. gr. 1. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að „samningur um skilnaðarkjör“ dags. 8. febrúar 1983 milli stefnanda, Ragnheiðar, og stefnda, Jóns Karlssonar, sem gerður var við lögskilnað þeirra sem hjóna, verði með dómi lýstur ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Þá er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfu stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda.

*Málavextir.*

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst að hinn 16. júní 1978 hafi stefnandi og stefndi verið gefin saman í hjónaband. Stefndi hafi lokið kandidatsprófi í læknisfræði vorið 1978 og stefnandi hafi á sama tíma lokið B.Sc. í eðlisfræði, bæði frá Háskóla Íslands. Fyrir hjúskap hafi stefndi átt 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík en enginn kaupmáli hafi verið gerður um nefnda íbúð fyrir eða á meðan á hjúskap stóð. Haustið 1978 hafi aðilar fest kaup á 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi. Tekjur aðila hafi runnið til sameiginlegra

nota frá stofnun hjúskapar 1978. Stefndi hafi starfað við læknisstörf á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, á Egilsstöðum, svo og í Svíþjóð. Stefnandi hafi starfað sem kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð, ýmist í fullu starfi eða sem hlutastarf, auk þess sem hún hafi stundað nám og unnið heimilisstörf.

Stefndi og stefnandi hafi fest kaup á bifreið í upphafi sambúðar, fyrst Skodabifreið, síðan í stað hennar Datsun Cherry, þá í stað hennar Mazda 626, í stað hennar Volvo station sem seld hafi verið haustið 1981 og þá keypt Volvo 343, árg. 1980, sem hafi verið eign félagsbús aðila við skilnað.

Hinn 8. febrúar 1983 hafi verið gerður samningur um skilnaðarkjör vegna væntanlegs lögskilnaðar hjónanna, aðila þessa máls.

Samkvæmt þeim samningi hafi eignir búsins verið þessar:

- A. Tveggja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík.
- B. Þriggja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi.
- C. Innbú og persónulegir munir.
- D. Bifreiðin ERH-341, Volvo 343, árg. 1980.

Stefnandi telur ekkert óvilhallt mat hafa legið fyrir um verðmæti eigna við gerð skilnaðarsamningsins né hafi þess verið getið í samningnum hvers virði hinar tvær íbúðir hafi verið á þeim tíma er samningurinn tekur til.

Stefnandi heldur því fram að almennt söluverð íbúðarinnar í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík hafi verið í febrúar 1983 kr. 850.000,00 og að verðmæti eignarinnar í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi hafi verið kr. 1.250.000,00. Ekkert verðmat hafi verið á innbúi né á bifreiðinni Volvo 343, árg. 1980.

Samkvæmt samningnum voru skuldir búsins þessar:

A. Áhvílandi á Hamraborg 8, Kópavogi samtals að fjárhæð kr. 64.323,87.

B. Áhvílandi á Vesturbergi 74, Reykjavík við  
Veðdeild Landsbanka Íslands kr. 4.410,00.

C. Skuld Jóns Karlssonar við LÍN  
Verðtryggð lán kr. 6.785,00  
Óverðtryggð lán kr. 5.159,00

---

kr. 11.944,00

D. Skuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur við LÍN  
Verðtryggð lán kr. 112.973,00  
Óverðtryggð lán kr. 1.522,00

---

kr. 114.495,00

E. Opinber gjöld á Íslandi:

1. Skattskuld Jóns Karlssonar pr. 30.11. 1982 kr. 60.447,00

2. Útsvarsskuld Jóns Karlssonar pr. 30.11. 1982, kr. 19.938,00

3. Skattskuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur kr. 0.

4. Útsvarsskuld Ragnheiðar Guðmundsdóttur kr. 0.

Samkvæmt ofangreindu nema eignir búans (án innbús, peninga og bifreiðar) samtals kr. 2.075.000,00. Til frádráttar koma áhvilandi veðskuldir, alls kr. 68.739,87 og nema eignir (nettó) að þessu leyti kr. 2.006.260,20.

Búshelmingur stefnanda hafi því átt að nema kr. 1.003.130,10. Til jöfnunar eignaliða samningsins greiðir stefndi stefnanda kr. 400.000,00 með skuldabréfi til fjögurra ára með gjalddaga 1.6. og 1.12. ár hvert, í fyrsta sinn 1.6. 1983. Skuldabréfið skyldi verðtryggt m.v. lánskjaravísitölu í des. 1982 og bera hæstu vexti (sic). Skuldabréfið sé tryggt með veði í fasteigninni Hamraborg 8, Kópavogi.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi látið einhliða semja „samninginn“ og hafi stefnandi ekki haft áhrif á skilnaðarskilmálana. Lögmaður stefnda hafi samið samninginn skv. beiðni stefnda, sem hafi fengið hann sendan til Svíþjóðar og haft hann undir höndum í um það bil 3 mánuði áður en stefnandi hafi fengið samninginn í hendur til undirskriftar þann 8.2. 1983. Hafi samningurinn verið í einu eintaki og hafi stefnandi ekki fengið afrit af samningnum.

Stefnandi kveðst einkum byggja kröfur sínar á eftirfarandi atriðum:

A. Verulega skorti á að hún hafi fengið búshluta sinn af verðmæti íbúðanna að Vesturbergi 74 og Hamraborg 8.

B. Samkvæmt samningnum fær konan hluta innbús skv. „þegar gerðri skiptingu“ en aðstaðan hafi verið sú að nánast allt innbú búans hafi verið í höndum stefnda við undirritun „samnings um skilnaðarkjör“ og engin skipting hafi farið fram. Sé innbúið nú á heimili stefnda í Svíþjóð, og kveðst stefnandi munu eftir föngum upplýsa um magn (verðmæti) þess undir rekstri málsins.

C. Samkvæmt „samningi um skilnaðarkjör“ fái stefndi hluta af „peningum sem þegar hafi verið skipt“. Ekki sé tiltekið í samningnum hve há sú fjárhæð sé, en stefnandi kveðst ekki kannast við að hafa fengið neina peninga skv. þeirri skiptingu. Á það er bent að fljótlega eftir undirritun „samnings um skilnaðarkjör“ hafi stefndi fest kaup á einbýlishúsi í Gautaborg fyrir sig og fjölskyldu sína.

Í þessu sambandi er bent á að leigutekjur stefnda af íbúðunum tveimur fari langt með að greiða afborganir, verðbætur og vexti af skuldabréfi sem átti að jafna eignahlið smaningsins.

D. Samkvæmt „samningi um skilnaðarkjör“ hafi bifreiðin Volvo 343, árg. 1980, verið talin sem eignaliður. Af samningnum sé ekki ljóst í hlut hvors aðila umrædd bifreið komi, en stefndi virðist telja að bifreiðin komi í sinn hlut, enda hafi hann haft afnot (umráð) bifreiðarinnar.

Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sínar á því að skipting eigna skv.

„samningi um skilnaðarkjör“ sé bersýnilega ósanngjörn á þeim tíma er samningurinn var gerður sbr. 4. gr. l. 60/1972. Hafi samningurinn verið einhliða saminn af stefnda eða umboðsmönnum hans. Er þess krafist að samningurinn verði dæmdur ógildur og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda er málsatvikum þannig lýst: Telur hann að raunverulegt hjónaband aðila hafi staðið í 4 ár. Áður en til þess hafi verið stofnað hafi fjárhagsstaða aðila verið mjög ólík. Hafi konan verið nærfellt eignalaus, en eignir mannsins hafi verið töluverðar. Maðurinn hafi verið skráður fyrir tveggja herbergja íbúð við Vesturberg í Reykjavík, hafi hann átt nokkurt innbú og töluverða peningaeign. Skuldir hafi ekki verið aðrar en við Lána-sjóð námsmanna og veðlán á íbúðinni. Íbúð þessi hafi þó í reynd verið í sameign stefnda og foreldra hans, þó svo að hún sé skráð hans eign. Kaupverð hennar hafi stefndi og foreldrar hans greitt sameiginlega, en vegna hins nána sambands foreldra og sonar hafi ekki verið talin ástæða til þess að geta sameignarinnar á heimildarskjölum um eignina né á skatt-framtölum.

Systir stefnda hafi lengst af haft afnot íbúðarinnar án þess að aðilar málsins hafi notið arðs af þeirri ráðstöfun eignarinnar. Ekki hafi verið gerður kaupmáli með aðilum.

Við slit hjónabandsins höfðu eignir aðila aukist þannig að bæst hafi við þriggja herbergja íbúð við Hamraborg í Kópavogi sem aðilar töldu vera að verðmæti 800 - 900 þúsund haustið 1982, bifreið af tegundinni Volvo 343, árg. 1980 og nokkuð af innbúi. Skuldir búsins séu rétt tilgreindar á dskj. nr. 1 og 3. Hjónabandinu hafi lokið með lögskilnaði án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng skv. kröfu mannsins vegna hjúskaparbrotis konunnar. Aðilar hafi skipt með sér forræði dætra sinna tveggja þannig að hvort fékk forræði annarrar.

Í ljósi þess að hjónaband aðila hafi staðið stuttan tíma, þ.e. aðeins 4 ár, og með tilliti til þess hversu mjög staða aðila var mismunandi eignalega þegar til hjúskaparins var stofnað, hafi aðilar gert með sér samkomulag það sem er á dskj. nr. 3. Þar sé augljóslega ekki um jöfn skipti að ræða, enda hafi það ekki verið samkomulag aðila. Samkomulag þeirra hafi verið að skipta með sér sem mest að jöfnu þeim verðmætum sem þau höfðu eignast í hjónabandi sínu, þ.e. að maðurinn fengi að óskiptu með sér þau verðmæti er hann tók með sér í hjónabandið, en að öðru yrði skipt.

Við mat á skiptum telur stefndi að hafa þurfi eftirfarandi í huga:

1. Stefndi hafi tekið að sér allar þekktar skuldir aðila, aðrar en námslán stefnanda.

2. Hvor aðili skyldi greiða eigin skatta vegna tekna árána 1982 til 1983 skv. 8. gr. samningsins. Hér hafi verið um mun meiri fjárhæð að ræða.

fyrir manninn en konuna, þar sem hann hafði aflað sem næst allra tekna heimilisins á þessum tíma.

3. Skuld við Lánasjóð námsmanna verði ekki talin sambærileg venjulegum skuldum við lánastofnanir þar sem endurgreiðsla sé skilyrt og falli niður eftir tiltekinn tíma.

4. Markaðsverð íbúðarinnar við Hamraborg hafi aðilar talið 800 - 900 þúsund haustið 1982. Hafi þá verið miðað við venjuleg óverðtryggð viðskiptakjör, eins og þá hafi verið venjuleg á fasteignamarkaðnum, þ.e. vaxtalaus útborgun á ca. 12 mánuðum á 75% fjárhæðarinnar og eftirstöðva sem yfirtekin lán og skuldabréf til fjögurra til fimm ára með 18 - 20% vöxtum. Greiðsla stefnda hafi verið að fullu verðtryggð og með hæstu vöxtum sem heimilaðir séu af verðtryggðum skuldabréfum. Ljóst sé að samanburður á tvöföldu nafnverði bréfsins og „markaðsverði“ íbúðarinnar miðað við venjuleg sölukjör gefi ekki rétta mynd af raunverulegum verðmætum.

5. Skilnaður aðila hafi ekki verið skyndiákvörðun. Sambúð hafi slitnað sumarið 1982 en samningur um skilnaðarkjör hafi ekki verið undirritaður fyrr en í febrúar 1983. Verði því að ætla að stefnanda hafi gefist gott tóm til þess að gera upp hug sinn. Það sé ranglega fullyrt í sóknarskjölum að stefndi hafi einhliða „samið samninginn“ og að stefnandi hafi ekki haft áhrif á skilnaðarskilmála.

6. Skipting innbús og peningaeignar hafi farið fram við undirritun skilnaðarsamnings, enda höfðu aðilar slitið samvistum mörgum mánuðum áður.

7. Samkvæmt samkomulagi aðila hafði maðurinn fengið aðrar eignir búsins en hluta innbús og peningaeignar í sinn hlut. Í skilnaðarsamningnum sé bifreiðin talin til eigna búsins, en ekki sé hún sérstaklega talin meðal þeirra eigna er komi í hlut mannsins. Sú hafi þó ljóslega verið ætlun aðila, enda hafi maðurinn haft og hafi umráð bifreiðarinnar án athugasemda frá stefnanda þar til á síðastliðnu hausti, sbr. dskj. nr. 7.

8. Að gefnu tilefni sé mótmælt því verðmati sem stefnandi setji fram um Vesturbergsíbúðina og er það talið vera 600 - 650 þúsund haustið 1982.

Stefndi bendir á að stefnandi byggi kröfu sína á 54. gr. laga 60/1972. Í lagagreininni sé forsenda þess að unnt sé að lýsa samninginn óskuldbindandi sú að samningurinn sé „bersýnilega ósanngjarn“ á þeim tíma er til hans var stofnað. Vegna þessa sé rétt að vekja athygli á og undirstrika að ekki hafi verið gerð krafa um að skiptin skuli vera jöfn, heldur einungis að þau séu ekki bersýnilega ósanngjörn.

Samkomulag aðila hafi tekið mið af þeirri staðreynd að maðurinn hafi flutt verulegar eignir inn í búíð við hjúskapinn meðan konan hafi verið eignalaus. Í skiptunum sé leitast við að skipta þeirri viðbótareign sem

myndast hafði í hjúskapnum. Sé fráleitt að telja að slíkt sé ósanngjarnt, enda beinlínis í samræmi við sérreglu 57. gr. l. 60/1972.

*Álit dómsins:*

Mál þetta er höfðað innan þess frests sem tilskilinn er í 54. gr. laga 60/1972. Sættir voru ítrekað reyndar en án árangurs. Þótt meginefni sammings aðila hafi þegar verið rakið þykir rétt að birta hann hér í heild og er hann svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón, Ragnheiður Guðmundsdóttir, húsmóðir, nnr. 7201-0884, f. 9. maí 1954, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, nú um stundarsakir búsett í Dr. Haymans Gata 7, Gautaborg, Svíþjóð og Jón Karlsson, lækni, nnr. 5159-1534, f. 2. febrúar 1953, með lögheimili að Borgarvík 12, Borgarnesi, en nú um stundarsakir búsettur í Studiegangen 17 - 308, Gautaborg, Svíþjóð, sem gefin vorum saman í hjónaband af Kristjönu Jónsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara í Reykjavík, þann 16. júní 1978, og áttum síðast sameiginlegt heimilisfang í Studiegangen 17 - 308, Gautaborg, Svíþjóð, höfum komið okkur saman um að slíta sambúð okkar með lögskilnaði skv. kröfu mannsins vegna hjúskaparbrots konunnar, sem hún viðurkennir.

Í sambandi við lögskilnað okkar gerum við með okkur eftirfarandi skilnaðarsamning:

1. gr.

Konan fær forræði dótturinnar Birgittu Sifjar, f. 13. mars 1981, en maðurinn forræði dótturinnar Áslaugar Láru, f. 18. apríl 1978. Ekki verður um meðlagsgreiðslur að ræða, sbr. þó 7. gr.

2. gr.

Börnin skulu eiga umgengnisrétt við það foreldri sem ekki hefur forræði þeirra. Um fyrirkomulag þessa umgengnisréttar fer eftir samkomulagi aðila og reglum 40. gr. barnalaga.

3. gr.

Eignir búans eru:

- A. 2ja herbergja íbúð í húsinu nr. 74 við Vesturberg í Reykjavík.
- B. 3ja herbergja íbúð í húsinu nr. 8 við Hamraborg í Kópavogi.
- C. Innbú og persónulegir munir.
- D. Bifreiðin ERH 341, sem er af gerðinni Volvo 343, árg. 1980.

4. gr.

Skuldir búans eru:

- A. Áhvílandi á Hamraborg 8:

1. Verðtryggt veðdeildarlán að höfuðstól kr. 10.600,00 (F2-4. 629,26X6.151 - 28.474,57 F4-4. 800, 53X6.222 - 29.868,90) að eftirstöðvum 1.12. 1982 kr. 58.343,67.

2. Eftirstöðvar skuldabréfs sem útg. var 1979, þá kr. 29.931,00 nú að eftirstöðvum kr. 5.986,20.

B. Áhvílandi á Vesturbergi 74:

1. (Veðdeild-E-13 2.154,12, Veðdeild E-15 2.255,42).

Skuld við Veðdeild kr. 4.410,00.

C. Skuld Jóns Karlssonar við Lánasjóð isl. námsmanna:

1. Verðtryggt lán kr. 6.785,00 (vt. 6813)

2. Óverðtryggt lán kr. 5.159,00.

D. Skuld Ragnheiðdar við Lánasjóð isl. námsmanna:

1. Verðtryggt lán kr. 112.973,00 (vt. 6813).

2. Óverðtryggt lán kr. 1.522,00.

E. Opinber gjöld á Íslandi:

1. Skattskuld J. K. per. 30.1. 1982 kr. 60.447,00.

2. Útsvarsskuld J. K. pr. 30.11. 1982 kr. 19.938,00

3. Skattskuld R. G. 0.

4. Útsvarsskuld R. G. 0.

#### 5. gr.

Eignirnar skiptast þannig:

A. Maðurinn fær báðar íbúðirnar og hluta af innbúi og peningum, sem þegar hefur verið skipt, auk sinna persónulegu muna.

B. Konan fær hluta innbús og peninga skv. þegar gerðri skiptingu, auk persónulegra muna.

C. Maðurinn greiði konunni kr. 400.000,00 með skuldabréfi til fjögurra ára með gjalddögum 1.6. og 1.12. ár hvert, í fyrsta sinn 1.6. 1983. Skuldabréfið sé verðtryggt m.v. lánskjaravísitölu í des. 1982 og beri hæstu vexti. Skuldabréfið sé tryggt með veði í íbúðinni í Hamraborg.

#### 6. gr.

Skuldirnar skiptast þannig:

Maðurinn tekur að sér greiðslu allra skulda annarra en námslána konunnar.

#### 7. gr.

Lendi konan í fjárhagslegum erfiðleikum með eigin framfærslu og dótturinnar Birgittu Sifjar, skal henni heimilt að krefja manninn um meðalmeðlag eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni, með dótturinni.

Meðlagsskyldan hefst næstu mánaðamót eftir að slík réttmæt krafa er sett fram, og henni lýkur jafnskjótt og hinum fjárhagslegu örðugleikum konunnar lýkur.

## 8. gr.

Hvort hjónanna greiðir opinber gjöld af eigin tekjum ársins 1982 og 1983.

## 9. gr.

Mál út af samningi þessum má reka fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur.  
Gautaborg, 8. febrúar 1983.

*Ragnheiður Guðmundsdóttir (sign)*      *Jón Karlsson (sign)*  
Ragnheiður Guðmundsdóttir      Jón Karlsson

Árni Jón Geirsson 0514-0188 (sign)  
Fanný Friðbjörnsdóttir 2289-4501 (sign)

Aðilar hafa komið fyrir dóminn og foreldrar beggja sem vitni. Ber aðilum mjög á milli í framburði sínum og þykir því rétt að rekja hann að nokkru.

Stefnandi kom fyrir dóminn 20. desember 1984 og skýrði svo frá að hún hefði ekki séð samning um skilnaðarkjör á dskj. nr. 3 fyrr en stefndi hafi komið með hann til undirritunar og efni hans hafi ekki verið borið undir hana áður. Kvað hún stefnda að visu hafa nefnt einhverjar tölur en hún hafi tjáð honum að hún gæti ekki dæmt um þær þar sem hún hefði engar tölur varðandi eignirnar. Að öðru leyti hefði ekki verið rætt um eignaskiptin utan að hún hefði tjáð stefnda að hún yrði að fá sinn hluta af eignunum. Hún kveðst hafa farið fram á að hafa samninginn að minnsta kosti yfir nóttina, svo hún gæti ráðfært sig við föður sinn eða aðra á Íslandi, en stefndi hefði ekki fallist á það. Hún kvað engin vitni hafa verið að undirritun samningsins. Hún kvaðst ekki hafa óskað eftir því að Hallgrímur B. Geirsson hdl. færi með umboð til að ganga frá þessu skilnaðarsamkomulagi fyrir sig, en er hún hefði undirritað saminginn hefði stefndi sagt: „Og svo er hér eitt skjal til sem þú þarft að skrifa undir“ og tjáð henni að þetta væri nauðsynlegt til þess að hún gæti fengið plögg sem á þyrfti að halda.

Við yfirheyrsluna kom í ljós að stefnandi var á þessum tíma að hefja doktorsnám í fræðilegri eðlisfræði við Gautaborgarháskóla. Kvaðst hún hafa verið undir miklu álagi og illa stödd fjárhagslega, stefndi hafi verið síhótandi og notað barnið sem var hjá honum, t.d. með því að hótta því að hún fengi ekki að fá það til sín. Hún kveðst alltaf hafa verið hrædd við hann en viljað reyna að ná sáttum með því að gera eins og hann vildi.

Stefnandi hafði áður verið í hjónabandi. Hún upplýsti að fyrri eiginmaður hennar og stefndi hefðu verið kunningjar og að þeir hefðu verið svipað settir fjárhagslega þegar hún stofnaði til sambúðar við stefnda. Báðir hafi þeir átt tveggja herbergja íbúð. Kvaðst hún hafa gengið eignalaus úr bú í fyrra hjúskap. Hefði hún ekki talið rétt að flytja hluta af eignum fyrrverandi eiginmanns yfir í bú til kunningja hans.

Varðandi íbúð að Vesturbergi 74 í Reykjavík kvað stefnandi sér kunnugt um að foreldrar stefnda hafi talið sig eiga einhver ítök í íbúðinni vegna þess að móðir hans hefði látið hann fá lífeyrissjóðslán sem hún hafi átt rétt til, en kveður hann síðan hafa endurgreitt það. Hún telur að einhverjar greiðslur hafi verið eftir er þau gengu í hjúskap, en lánið hafi verið hagstætt. Hún telur ekki hafa verið rætt um að Jón fengi íbúð þessa óskipta út úr skilnaði, enda hafi ekki verið búist við skilnaði og gerð kaupmála hafi ekki verið rædd.

Varðandi afnot íbúðarinnar kvað hún systur stefnda lengst af hafa búið í íbúðinni án endurgjalds og kvaðst hún telja að hér hafi verið um að ræða að stefndi hefði viljað hjálpa henni eins og foreldrar hans höfðu hjálpað honum, þ.e.a.s. gagnkvæma hjálpsemi innan fjölskyldu.

Hún kvaðst hafa tekið með sér fáeina hluti er hún fór af heimilinu og stefndi hafi skilið eftir hjá henni kr. 1.000,00 sænskar áður en hann fór til Íslands skömmu áður en hún flutti af heimilinu, en það hafi þá verið fyrirsjáanlegt að hún myndi flytja á meðan hann væri á Íslandi. Aðra skiptingu á innbúi og peningum kvað hún ekki hafa átt sér stað og hún kvað sér hafa verið ókunnugt um peningaeign búins. Einhvern hluta innbús kvað hún vera á Íslandi í vörslu stefnda.

Varðandi bifreiðaeign kvað hún þau hafa átt bifreið, Mazda 626, sem hafi verið keypt ný hér á Íslandi en síðan seld áður en þau fóru út til Svíþjóðar. Í Svíþjóð hafi þau keypt aðra bifreið. Aðspurð kvað hún aldrei hafa verið rætt um það að stefndi fengi alfarið þessa bifreið í sinn hlut.

Varðandi skuldir sagði stefnandi að þær hefðu litlar verið utan skattskuldir og námslán og hefði stefndi verið mjög gætinn varðandi fjármál. Kvað hún þau hafa átt tiltölulega skuldlaus íbúðina í Hamraborginni. Einhver skuld kunni að hafa verið á þeim bíl sem þau áttu er þau slitu samvistum.

Í aðilaskýrslu kom fram að stefnandi hefði þurft á pappírurum að halda um skilnað að borði og sæng til þess að geta fengið húsnæðisstyrk og að hún hefði haft samband við lögfræðing í Svíþjóð og beðið um skilnað að borði og sæng en stefndi hefði viljað ganga frá skilnaðinum á Íslandi.

Stefndi kom fyrir dóminn 17. júlí 1985. Hann kvað samninginn undirritaðan heima hjá Ragnheiði en útbúinn á Íslandi. Kvað hann hafa verið saminn sameiginlega af aðilum en settan upp á lögfræðilegan hátt af lögmanni stefnda.

Varðandi aðdraganda skilnaðarins kvað hann það rétt að stefnandi hefði fyrst leitað til sænskrar lögmannsskrifstofu vegna skilnaðar, en samkomulag hefði orðið með aðilum um að sækja um skilnað á Íslandi. Stefndi taldi að stefnandi hefði farið fram á það í september að eignum yrði skipt en þau hefðu áður verið búin að ganga frá því hvernig forræði barnanna yrði háttað.

Hann kveðst hafa komið aftur til Svíþjóðar í byrjun október og hafi stefnandi þá stöðugt verið að ýta á að áfram yrði haldið við skilnaðinn en hann hefði viljað fara hægt í sakirnar.

Stefndi kveður þau í sameiningu hafa gert uppkast að samningi um skilnaðarkjör sem sent hafi verið lögmanni stefnda, og hafi lögmaðurinn síðan endursent samningsdrög að samningi um skilnaðarkjör í nóvember til stefnda. Kvað stefndi þau síðan hafa rætt þessi drög í nóvember, desember og janúar, og endursent þau síðan lögmanninum sem hafi útbúið endanlegan samning og endursent. Þetta skjal hafi síðan verið undirritað 8. febrúar. Hann kvað þau oft hafa rætt einstök atriði samingsins æsingalaust. Auk þessa kvað hann stefnanda hafa haft samninginn í viku til tíu daga til ihugunar áður en hann var undirritaður, og að hún hafi ekki rætt orð um það frekar við hann þegar þau skrifuðu undir samninginn. Undirritun samningsins kvað hann hafa borið þannig að að hann og eldri dóttir þeirra hefðu verið boðin í kvöldmat til stefnanda. Þau hafi rætt saman og hún sagt að hún væri búin að hafa samninginn hjá sér þennan tíma og að hún sæi ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram við þetta, og hún væri ákveðin í því að skilja. Síðan hafi þau skrifað undir samninginn bæði tvö. Hann hafi skilið eftir eitt eintak af honum hjá henni, en farið með samninginn til undirritunar vottanna sem ekki hafi verið viðstaddir. Hann hafnaði því að hafa beitt stefnanda pressu eða þvingun af neinu tagi.

Varðandi eignir sagði stefndi um íbúðina að Vesturbergi 74 að hún væri í raun eign foreldra hans, þó hann sé þinglýstur eigandi. Kvaðst hann hafa aðstoðað foreldra sína við formsatriði við kaup íbúðarinnar, en þau hefðu fjármagnað hana að fullu. Hann kvaðst aldrei hafa hlotið arð af íbúðinni. Hann kvaðst ekki hafa borgað af neinum lánnum vegna íbúðarinnar. Hann kvað stefnanda hafa verið fullkunnugt um að íbúðin væri ekki hans eign og kvað hana í upphafi sambúðar þeirra hafa stungið upp á því að hann flytti hana af sínu nafni, en vegna framtaksleysis hefði ekki orðið úr því. Hann kvað foreldra sína hafa greitt opinber gjöld af íbúðinni.

Varðandi íbúð aðila í Hamraborg kvað hann verðmat hafa verið fengið með því að þau, aðilarnir, hafi haft samband við nokkra fasteignasala á Íslandi sem hafi verið beðnir um að meta hversu mikils virði íbúðin væri. Þau hafi verið sammála að skipta þesari eign. Stefndi hafi tekið að sér að greiða af henni skuldirnar, þannig að það hafi komið til frádráttar

verðmati íbúðarinnar. Að öðru leyti hafi þau skipt verðmati íbúðarinnar í tvennt. Verðmatið kvað hann hafa farið fram seint á árinu 1982 og væri greiðsla á veðskuldabréfi því er hann greiddi með hlut stefnanda miðuð við lánskjaravísitölu í desember 1982.

Hann kvað bifreið þá er þau áttu er skilnaður varð hafa verið Volvo 343 af árgerðinni 1980. Hafi hann verið keyptur haustið 1981 á sænskar krónur 32.000,00. Við skilnaðinn hafi verið á honum sænskar kr. 9.000,00 skuld. Bifreiðin hafi verið seld í janúar 1985 á sænskar kr. 24.000,00. Hann kvað andvirði bifreiðarinnar ekki hafa verið skipt, þar sem bifreiðin hafi átt að koma í hans hlut samkvæmt samningsuppkastinu, en sá partur hafi fallið niður í lokasamningi og ekkert þeirra hafi tekið eftir því. Bifreiðin hafi verið á hans nafni og í hans vörslum, en stefnandi hafi haft hana til afnota.

Varðandi innbú kvað hann þau hafa leigt íbúð með húsgögnum og ekki átt sérlega mikið. Hafi stefnandi tekið fót sín og bækur og hljómplötur, flest er varði eldhúsmuni, ryksugu, kaffikönnu, útvarp, segulband, reiðhjól sem hafi verið nýtt. Skilið eftir plötuspilara og sjónvarp, en hann hafi síðan um veturinn hjálpað henni til að kaupa sér sjónvarpstæki. Taldi hann að stefnandi hefði fyllilega fengið sinn hluta af innbúi og meira en það.

Stefndi taldi peningaeign hafa verið um það bil kr. 3.000,00 til 4.000,00 sænskar inni á bankabók og hafi skipti farið þannig fram að stefnandi hafi verið búinn að taka talsverðan hluta af því út, en síðan skilið eftir bankabókina hjá honum. Kvaðst hann ekki muna nákvæmar tölur í þessu sambandi.

Varðandi fjárhagsaðstoð til stefnanda kvaðst hann hafa eftirlátið stefnanda barnabætur með báðum börnunum í eitt ár, þó hann hefði forræði annars barnsins. Þá hafi hann þennan vetur t.d. hjálpað henni til að kaupa sjónvarp, og síðan hafi hann látið hana hafa peninga eftir sinni getu, ef hún hafi tjáð sér að hún væri peningalítill. Það hafi ekki verið neinar ákveðnar greiðslur og engar kvittanir farið á milli. Taldi hann að samtals hefði þetta verið einhvers staðar á milli kr. 5.000,00 og 10.000,00 sænskar þennan vetur, nær kr. 10.000,00 að hann taldi.

Hann kvaðst ekki kannast við að skilnaður hefði áhrif á húsaleigustyrk og kvað stefnanda ekki hafa verið að skilja við sig vegna þess.

Varðandi skuldir kvaðst hann hafa tekið að sér eftirstöðvar af bifreiðinni, skuldir af íbúðinni í Hamraborginni, allháa skattaskuld og einhverjar lausaskuldir.

Hann taldi að útgafa umboðs til handa Hallgrími B. Geirssyni hefði verið formsatriði, og að stefnanda hefði verið fullkomlega ljóst hvað hún var að gera er hún skrifaði undir það. Hann kvað stefnanda ekki hafa verið undir andlegri pressu frá sér á neinn hátt. Hann kvaðst ekki hafa viljað

skilnað og viljað gera gott úr hjónabandinu, en stefnandi hefði verið fullkomlega ákveðin í að skilja við sig. Hún hafi fullkomlega vitað hvað hún var að gera með skilnaðinum, samningnum, umbodinu og þessu öllu saman. Hann kvað andlegt ástand hennar hafa verið fullkomlega eðlilegt þegar hún undirritaði samninginn. Því til stuðnings bendir hann á að stefnandi hafi verið í skóla þennan vetur og staðist þar allar kröfur.

Hinn 1. apríl 1986 komu fyrir dóminn sem vitni foreldrar stefnda, Karl Magnús Jónsson og Lára Benediktsdóttir. Studdi framburður þeirra framburð stefnda varðandi þau atriði sem þau höfðu vitneskju um, en fram kom að eitthvað úr innbúi aðila væri í vörslu fjölskyldunnar.

Hinn 15. apríl s.á. komu fyrir dóminn foreldrar stefnanda, Guðmundur Sigvaldason og Áslaug Brynjólfssdóttir. Framburður þeirra styður að öllu leyti framburð stefnanda. Við yfirheyrsluna kom jafnframt fram að vorid eftir að skilnaðarsamkomulagið var gert hafi aðilar bæði verið á Íslandi og hafi þá verið haldinn fjölskyldufundur með foreldrum beggja aðila og föðurömmu stefnda. Kváðu þau þar hafa verið rætt um skilnaðarsamkomulagið og að samstaða hefði náðst um að samningurinn væri ekki réttlátur og að reynt yrði að leiðrétta hann að einhverju leyti. Ákveðið hafi verið að stefndi og faðir stefnanda myndu hittast til að ræða þessi mál frekar. Bar faðir stefnanda að þeir hefðu hist stuttu síðar og hefðu ætlað að hittast aftur, en fáum dögum síðar hefði hann frétt að stefndi væri farinn úr landi, og hann kvaðst ekki hafa heyrt frá honum síðan. Hann kvaðst ekki hafa heyrt neitt um skilnaðarsamkomulagið og engin efnisatriði þess hefðu verið borin undir hann fyrr en eftir að það var undirritað. Hann kvaðst ekki hafa séð sjálft skjalið fyrr en mörgum mánuðum síðar, þar sem Ragnheiður hefði ekki fengið afrit af því þegar hún hafi verið neydd (sic) til að skrifa undir. Það hefði ekki fengist frá Jóni og það hefði orðið að leita til lögfræðinganna til að fá það.

Með bréfi dags. 20. febrúar 1986 ritaði lögmaður stefnanda til fasteignamats ríkisins og óskaði eftir upplýsingum um söluverð á íbúðarhúsnæði í Hamraborg 8, Kópavogi janúar til mars 1983, nánar tiltekið 3ja herbergja íbúð. Óskaði lögmaðurinn eftir upplýsingum um meðalverð á m<sup>2</sup> í samskonar húsnæði og staðgreiðsluverð sams konar eigna. Í svarbréfi fasteignamats ríkisins, sem dagsett er 10. mars 1986, er upplýst að fimm 3ja herbergja íbúðir hafi verið seldar í Hamraborginni í Kópavogi á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983, og hafi nafnverð á m<sup>2</sup> í þeim sölum verið kr. 12.798,00 en það hafi verið 90,9% af verði í sams konar íbúðum á sama tímabili í Reykjavík. Jafnframt kemur fram að verð íbúða í Hamraborg í Kópavogi hafi verið óvenjulega lágt á þessu tímabili og meðalverð sambærilegra íbúða á tímabilinu frá fyrsta ársfjórðungi 1983 til þriðja ársfjórðungs 1985 hafi verið 100% af verði sams konar húsnæðis í Reykjavík. Jafn-

framt er upplýst í þessu bréfi að staðgreiðsluverð megi áætla 85 - 92% af nafnverði með tilliti til hefðbundinnar útborgunar, lánskjara, ávöxtunar-kröfu af lánnum og verðbólgu.

Með bréfi dags. 1. apríl 1986 óskaði lögmaðurinn eftir sams konar upplýsingum varðandi tímabilið síðasta ársfjórðung ársins 1982. Í svari fasteignamats ríkisins, sem dagsett er 10. apríl 1986, kemur fram að nafnverð á m<sup>2</sup> á því tímabili hafi verið kr. 13.800,00 á 3ja herbergja íbúð í Hamraborg, og að áætla megi að staðgreiðsluverð hafi verið 85 - 92% af nafnverði þegar tekið er tillit til sömu þátta og að ofan greinir. Upplýst var við málflutning að stærð þessarar íbúðar er 71,6 m<sup>2</sup>. Samkvæmt þessu hefur nafnverð íbúðarinnar í sölu á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983 verið 916.337,00 en á síðasta ársfjórðungi ársins 1982 kr. 988.080,00.

Samkvæmt skattframtali 1983 var fasteignamat íbúðarinnar að Hamraborg hinn 1. desember 1982 kr. 412.000,00 og lóð tilheyrandi kr. 21.000,00.

Lögmenn hafa upplýst að tölur í skilnaðarsamkomulagi aðila byggist á fjárhagsgrundvelli síðasta ársfjórðungs ársins 1982, þegar samningurinn var útbúinn af lögmönnum, en ekki við þann tíma er hann er undirritaður. Íbúð að Hamraborg 8 síðar 18, Kópavogi er í samningnum verðlögð á kr. 800.000,00, en á þeim tíma var markaðsverð íbúðarinnar kr. 988.080,00.

Af gögnum málsins kemur enn fremur fram að stefnandi hefur verið þinglýstur eigandi þessarar íbúðar þar til er skilnaðaryfirlýsingur er þinglýst þann 3. maí 1984.

Vegna fasteignarinnar að Vesturbergi 74, Reykjavík hefur verið lagt fram endurrit úr þinglýsingabók er sýnir að Jón Karlsson er þinglýstur eigandi íbúðarinnar sem er tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð. Þá er einnig lagt fram afsal á téðri eign til handa Jóni Karlssyni. Einnig ljósrit af aflýstu veðskuldabréfi, útgefnu 15. september 1975 af Jóni Karlssyni vegna láns að fjárhæð kr. 321.188,00 sem tryggt er með veði í íbúð hans að Vesturbergi 74 í Reykjavík og er dagsetning sú hin sama og á afsali. Þá hafa verið lögð fram staðfest ljósrit skattframtala árána 1978, 1979, 1980, 1981, 1982 og 1983. Hið fyrsta er framtal stefnda eins en hin síðari framtöl aðila beggja. Á öllum þessum skattframtölum er íbúðin að Vesturbergi 74 talin til eigna. Einnig eru á öllum skýrslunum taldar skuldir sem augljóslega eru vegna þessarar íbúðar svo sem skuld við seljanda íbúðarinnar og Veðdeild Landsbanka Íslands. Fasteignamat íbúðarinnar að Vesturbergi er samkvæmt skattframtali aðila ár 1983 hærra en mat íbúðarinnar í Hamraborg. Fullyrðing stefnda og foreldra hans um að íbúðin að Vesturbergi 74, Reykjavík, sé raunverulega eign hinna síðarnefndu þykir ósönnuð. Enginn kaupmáli var gerður um þessa íbúð og ekki verður séð að stefndi hafi við skiptin gert rökstudda kröfu til íbúðarinnar að Vesturbergi 74 með tilvisun til 57. gr. laga nr. 60/1972.

Veðskuldabréf það er stefnandi fékk í sinn hlut er útgefið af stefnda í Reykjavík 18. apríl 1983 að fjárhæð kr. 400.000,00 bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 471, sem mun vera vísitala desembermánaðar 1982. Skyldi lán þetta greitt með 8 afborgunum á 6 mánaða fresti í fyrsta skipti 1. júní 1983.

Stefndi fékk í sinn hlut báðar íbúðirnar. Upplýst er að innbúi hefur ekki verið skipt að fullu og að hluti þess er í vörslu fjölskyldu stefnda á Íslandi. Upplýst er að bifreið kom óskipt í hlut stefnda en þessa er ekki getið í skilnaðarsamningi. Í samningnum er talað um skipti á peningum. Ekki hefur tekist að upplýsa hér fyrir dómi hvernig þeirri eign var háttað. Ekkert verðmat liggur fyrir á innbúi og bifreið. Ljóst er að skuldir búans hafa verið litlar miðað við eignir og að aðilar hafa skipt skuldum nokkuð jafnt.

Sambúðartími aðila mun hafa verið fimm og hálf ár, en tvo mánuði vantað upp á að hjónabandið stæði í fimm ár, ef miðað er við útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Aðilar eru bæði langskólagengin. Á sambúðartímanum eignast þau tvö börn. Heimilishald og eignamyndun var sameiginleg. Af framlögðum skattframtölum má sjá að stefndi, sem er lækni, hafði mun hærri tekjur en stefnandi á sambúðartímanum.

Stefnandi flytur af heimilinu við þær aðstæður, að ekki er samkomulag með aðilum um að slíta hjúskap. Annað barnið verður eftir hjá stefnda. Upplýst þykir að stefnandi hafi verið illa sett fjárhagslega eftir að hún flutti af heimilinu. Einnig þykja hafa verið nægilegar líkur að því leiddar að samskiptaerfiðleikar hafi verið á milli aðila á þessu tímabili. Stefndi naut sérstakrar lögfræðilegrar aðstoðar og var auk þess sjálfur vanur að fara með fjármál heimilisins. Stefnandi naut engrar sjálfstæðrar lögfræðilegrar aðstoðar og ekkert beint samband var á milli hennar og lögmanns stefnda, sem sá um að útbúa skilnaðarsamkomulagið og ganga frá skilnaðinum. Stefnandi kveðst ekki hafa áttað sig á mikilvægi þess að hún skrifaði undir umboð til handa Hallgrími B. Geirssyni hdl., er var samstarfsmaður lögmanns stefnda, til að ganga frá skilnaðinum fyrir sína hönd. Var umboðið undirritað um leið og skilnaðarsamkomulagið.

Framburður aðila stangast mjög á um það hver aðdragandi var að gerð samningsins. Stefnandi kveðst ekki hafa séð hann fyrr en við undirritun og kveðst ekki hafa fengið samþykki stefnda til að íhuga hann nánar. Stefndi fullyrðir að aðilar hafi gert drög hans í sameiningu og ítrekað rætt þau efnislega og að stefnandi hafi haft skjalið undir höndum í viku til tíu daga fyrir undirritun. Upplýst er að vottar voru ekki viðstaddir undirritun skjalsins og eru nöfn þeirra rituð síðar.

Þegar litið er til alls þessa er hér hefur verið rakið verður að telja upplýst að staða stefnanda við samningsgerðina hafi verið mun veikari, einkum vegna þess að stefnandi hefur ekki notið óháðrar lögfræðilegrar aðstoðar

við gerð samningsins og slit hjúskaparins og vegna fjárhagsstöðu hennar. Gengið er frá samningi aðila um skilnaðarkjör af lögmanni stefnda, samningurinn er sendur til stefnda og það er hann sem kemur honum á framfæri við stefnanda. Og það er lögmaður stefnda og samstarfsmaður hans sem ganga frá skilnaðinum hér á landi, en aðilar sjálfir eru erlendis á þeim tíma. Þar sem um veruleg frávik er að ræða frá þeirri meginreglu í fjárskiptum hjóna að eignum sé skipt til helminga, er eðlilegt að það komi skýrt fram að sú skipan sé vilji beggja. Fullyrðing stefnda um að samkomulag hafi verið um að skipta eignum ekki jafnt þykir vera ósönnuð.

Með vísan ofanritaðs og til 54. gr. laga nr. 60/1972 verður að telja að samningur aðila um skilnaðarkjör hafi verið bersýnilega ósamngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað og þykir sú niðurstaða eiga sér stoð í grunnrökum 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986 um breytingu á þeim lögum. Niðurstaða dómsins er því sú að taka skuli kröfu stefnanda til greina og er samningur aðila um skilnaðarkjör, sem undirritaður er í Gautaborg 8. febrúar 1983, lýstur óskuldbindandi.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

#### D ó m s o r ð:

Lýstur er óskuldbindandi samningur stefnanda, Ragnheiðar Guðmundsdóttur, og stefnda, Jóns Karlssonar, um skilnaðarkjör, sem undirritaður er í Gautaborg 8. febrúar 1983.

Málkostnaður fellur niður.